

EYD-212

Heiti: Vatnsstýring	Númer: 10	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
---------------------	-----------	------------	------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Raforkuframleiðslu vatnsaflsvirkjana er stýrt með því að stjórna rennsli vatns gegnum vélar virkjananna, og er framleiðslan mest yfir veturinn. Vatni er safnað í miðlunarlón yfir sumartímann sem síðan er miðlað úr yfir veturinn. Við einstakar virkjanir eru inntakslón þar sem vatnshæð er haldið sem stöðugastri.

Umhverfisáhrif:

Skýndileg aukning eða lækkun á vatnshæð lóns eða aukning/minnkun rennslis í vatnsvegi getur haft neikvæð áhrif á fiskstofna eða aðra lífveruhópa og valdið rofi úr bökkum lóna og vatnsvega.

Umhverfisáhætta:

Hætta getur skapast fyrir lífríki, gróður, jarðveg, samfélag ef skýndileg flóð verða í ám, ef rekstrartruflanir verða eða ef um mannleg mistök er að ræða. Skýndileg aukning rennslis eða flóð getur skapað hættu fyrir fólk við viðkomandi vatnsvegi og fólk sem býr innan flóðasvæða.

Fyrirbyggjandi stýring:

Stýring og vöktun virkjana Landsvirkjunar fer fram frá stjórnstöð Landsnets. Reynt er að hámarka vatnsnýtingu í samræmi við þau mörk sem gefin eru fyrir rekstur kerfisins. Gerðar eru áætlanir um framleiðslu virkjana ár fram í tímann, sem byggja á sögulegu rennsli. Þá eru gerðar nákvæmar framleiðsluáætlanir viku fram í tímann sem byggðar eru á framleiðsluþörf, stöðu lóna og innrennslisspám byggðum á veðurspám. Með þessu móti er reynt að tryggja að ekki verði óeðlilegar sveiflur á rennsli eða snöggar vatnshæðarbreytingar. Uppistöðulón hafa dempanði áhrif á náttúruleg flóð. Ef búist er við stórum náttúrulegum flóðum þá má minnka áhrif þeirra með því að skapa lónrými til að taka við hluta flóðvatnsins. Stjórnstöð er ætlað að fylgja reglum um rekstrartakmarkanir um stýringu véla, loka í vatnsvegum, rennsli og hæð lóna. Í Handbók gæðakerfis eru gæðaskjöl um fastbundnar takmarkanir vegna vatnsstýringa.

Vöktun:

Í stjórnstöð Landsnets fer fram stöðug vöktun á mannvirkjum Landsvirkjunar. Árs- og vikúáætlanir fram í tímann, byggðar á sögulegu rennsli, eru notaðar til að minnka líkur á óeðlilegum sveiflum í rennsli og/eða snöggum vatnshæðarbreytingum (sjá nánar undir Fyrirbyggjandi stýring). Vöktun er á stífluleka og rofi við stíflur og farvegi.

Ástæða flokkunar:

Vatnsstýring flokkast sem A umhverfisþáttur þ.e. þýðingarmikill umhverfisþáttur. Vatnsstýring getur verið háð skilyrðum sem Landsvirkjun hefur sett sér, oftast í samráði við utanaðkomandi aðila. Við greiningu umhverfisþátta, kom fram að skortur á vatnsstýringu getur haft alvarleg áhrif á umhverfið auk þess sem áhrifin geta verið fjölþætt.

Sett hafa verið þjóðarmarkmið um að við framkvæmdir sem raski eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum verði haldið í lágmarki. Þá hefur verið sett þjóðarmarkmið um að endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.